

Um ársskýrslur Stígamóta

Í ársskýrslu þessari segir frá 17. starfsári Stígamóta. Sagt er frá hugmyndafræði, sögu, sjálfshjálparstarfi og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta og alnafna núverandi ritstýru. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um tölulega samantekt sá Svandís Nína Jónsdóttir. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun, auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit

bls.

Stofnun og hugmyndafræði	3
Innra starfið	3
Hugmyndafræðin	3
Skipulag og starfshópur	4
Framkvæmdahópur	5
Fjárhagslegur grundvöllur starfsins	5
Kristínarsjóður	5
Styrkveitingar og stuðningur	5
Viðurkenningar til Stígamótakvenna	6
Hefðbundinn jólaupplestur	6
Listasýningar í húsnæði Stígamóta	6
JB- byggingafélag stoltur styrktaraðili	6
Listasýningar í húsnæði Stígamóta	6
Sjálfs hjálparstarfið	7
Einstaklingsmiðuð ráðgjöf	7
Um sjálfs hjálparhópana	7
Opnir 12 spora fundir	8
Símaþjónusta	8
Þjónusta við konur í vændi	8
Börn og unglingar	8
Sjálfsvarnarnámskeið í húsnæði Stígamóta	8
Starfsemi Stígamóta þenst út	9
Samstarf Stígamóta og Krýsuvíkursamtakanna	9
Fræðsla og kynning	9
Fræðsla fyrir skóla og ungt fólk	10
Lokaverkefni á háskólastigi í samstarfi við Stígamót	10
Önnur fræðsla	11
Erlendir gestir	11
Samskipti við fjölmiðla	11
Samskipti við íslensk stjórnvöld	11
Samstarf kvennahreyfingarinnar og samstarf við karla	12
Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum	12
Hádegisfyrirlestrar	13
8. mars	13
Sólarhliðarnar á Stígamótum á menningarnótt	13
Frá konum til karla	13
Julie Bindel á Íslandi í boði Stígamóta	14
Karlanærbuxur með áletrun	14
Dorit Otzen í boði Stígamóta	14
Loksins framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi	14
Endurskoðun á kynferðiskafla hegningarlaganna	15
Alþjóðastarf	15
Kvinnanefnd Sameinuðu þjóðanna	15
Evrópuverkefni um mansal	15
Norrænar konur gegn ofbeldi	16
Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum	16
Tölur	17
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	22
Um ofbeldisverkin	26
Kærð mál	33
Um ofbeldismenn	33

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



Stígamót, Hverfisgötu 115

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og féлага að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi, var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum.

Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfssemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem fyrir því verða. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Innra starfið

Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunnildi í starfi með þeim sem orðið hafa fyrir því, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða

hópum. Feministísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra, séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi, en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á, að það fólk sem til Stígamóta leitar, séu "sérfraðingarnir" það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem aðstoðar leita. Þessar hugmyndir er leitast við að endurspeglu í öllu starfi hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Skipulag og starfshópur

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Þó hefur verkaskipting á meðal starfskvenna aukist á síðustu árum.

Starfskonur Stígamóta eru 6. Árið 2006 voru starf(s)konurnar þær Björg G. Gísladóttir sem frá og með september minnkaði vinnu sína niður í 30%. Guðrún Jónsdóttir, Guðný Hafliðadóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Kristbjörg Kristjánsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Dána Sigurðardóttir sem verið hefur starfskona Stígamóta frá árinu 1999, var í barneignafrí á árinu. Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu úti í bæ. En fleiri konur komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Nokkur hópur leiðbeinenda starfrækti sjálfshjálparhópana og ýmsir aðrir velunnarar lögðu hönd á plóginn. Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir. Átak var gert til þess að styrkja og efla starfshópinn. Í því sambandi má nefna vinnuferð á Sólheima í Grímsnesi dagana 8.- 9. febrúar. Þar sem allur starfshópurinn lagðist í umræður um siðareglur, skráningar og áherslur í starfinu. Í sama tilgangi var komið á samtalsþjálfun sem fólst í hlutverkaleikjum og sjálfsskoðun ásamt þjálfun í samtalstækni. Þann 22. júní fór starfshópur og framkvæmdahópur saman út að borða.



Starfshópur og hluti framkvæmdahóps í jólskapri



Tjara veitti heimilisfólkinu á Stígamótum ómælda ánægju

Þann 16. febrúar var Anni Haugen frá Barnaverndarstofu fengin til þess að brýna starfshópinn í barnaverndarmálum og farið yfir þá erfiðu stöðu sem komið getur upp þegar fólk undir 18 ára aldri leitar hjálpar. Sama hlutverki gegndi samráðsfundur sem Stígamót boðuðu til 2. maí með fulltrúum Neyðarmóttöku vegna nauðgana og Kvennaathvarfsins. Hjá Stígamótum hafa starfskonur lengi haft áhyggjur af þeim konum sem búa við ógn og hótanir, en treysta sér ekki til þess að kæra ofbeldið. Rætt var um hvað hægt sé að gera til þess að auka öryggi þeirra og beindist athyglin að mikilvægu hlutverki lögreglu. Boðið var upp á sjálfsstyrkjandi psykodramanámskeið fyrir starfshóp og leiðbeinendur. Þóra Laufey Pétursdóttir hélt námskeiðið dagana 13.-15. október.

Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúum starfsskvenna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Díana Sigurðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Thelma Ásdísardóttir og Theodóra Þórarinsdóttir. Þórunn Þórarinsdóttir tók jafnframt sæti í framkvæmdahópi síðari hluta ársins þar sem Díana var í barneignafri.

Fjárhagslegur grundvöllur starfsins

Tekjur Stígamóta koma frá Félagsmálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Stígamót hafa gert þjónustusamning við Reykjavíkurborg, þar sem skilgreind er sú þjónusta sem borgin kaupir af Stígamótum. Í samningnum felst m.a. fræðsla frá Stígamótum fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar. Að auki hafa Stígamótum borist veglegir styrkir og framlög. Heildartekjur Stígamóta námu 38.146.025 krónum og útgjöld námu 38.503.486 krónum. Allar nánari upplýsingar um fjárhag Stígamóta má fá í ársreikningi.

Kristínarsjóður

Stígamót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígamótakonu. Sjóðnum er ætlað að fjármagna baráttu Stígamóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert kleift að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Margar góðar gjafir hafa borist í sjóðinn. Stærst var gjöf Zontakvenna sem seldu 8000 rósanætur árið 2003 og söfnuðu þannig 3 milljónum króna. Sjóðurinn hefur gert okkur kleift að styðja og styrkja sérstaklega konur í vændi, jafnframt því að standa undir fræðslustarfi tengdu þessari birtingarmynd ofbeldis og kvenfyrirlitningar. Það hefur margsýnt sig að sjóðurinn hefur virkilega komið að gagni fyrir okkar konur á ögurstundum, en frá því verður ekki nánar greint. Kristínarsjóður kostaði komu Julie Bindel blaðakonu The Guardian og starfskonu The Poppy project, til landsins og Dorit Otzen sem stýrir flestum þeim úrræðum sem finnast í Danmörku fyrir konur í vændi. Dorit Otzen fór ásamt talskonu Stígamóta á fund allsherjarnefndar alþingis til þess að minna enn á óskir kvennahreyfingarinnar um að kaup á konum verði gerð refsiverð, en fyrir liggur frumvarp dómsmálaráðherra sem ekki gerir ráð fyrir slíku ákvæði.

Styrkveitingar og stuðningur í ýmsum myndum

Stígamót hafa notið velvildar sem birst hefur á ýmsan hátt. Þannig hefur JB byggingafélag lýst sig stoltan styrktaraðila Stígamóta. JB hefur gert styrktarsamning við Stígamót til þriggja ára og í honum felst 500.000 kr. framlag til reksturs sjálfshjálparhópanna, en jafnframt hefur hópur starfsmanna hlúð að húsinu einn laugardag á ári. Í ár málaði starfsfólk JB holið og stigaganginn og jafnframt var skipt um gólfduk á stofunum. Það er ómetanleg virðing við starf Stígamóta að starfsemin fari fram í fallettu umhverfi.

Nemendur í Flensborgarskóla óskuðu eftir fræðslu frá Stígamótum í hádegishlénu sínu þann 2. nóv. sl. Í hádegishlénu seldu krakkarnir pizzusneiðar og gos og rann ágóðinn 64.500 kr. til Stígamóta. Erindið var kynnt af Sigríði Bylgju sem kynnti sig sem Stígamótastelpu. Sigríður Bylgja kom síðar fram í Kastljósi RÚV í tengslum við 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi og sagði frá eigin þroskasögu eftir að hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Vakti hugrekki hennar og málefnaleg umræða aðdáun margra. Í framhaldi af því hringdi til okkar fulltrúi karlklúbbs og tilkynnti að klúbburinn ætlaði að styrkja starfsemina um kr. 200.000.



Margrét Pétursdóttir stórfeministi varð fertug og afhenti Stígamótum 50.000 kr. í tilefni af því.

Rósa Ólöf er ein af þeim konum sem í gegnum tíðina hefur tekið virkan þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi með því að flytja ljóð sín. Í ár gaf hún út ljóðabókina Bakraddir og færði Stígamótum 20 ljóðabækur sem nýta má að vild.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík styrkti starfsemi Stígamóta um kr. 450.000 á árinu. Fleiri verkalýðsfélög létu sig baráttuna varða og VR slepti því að senda út jólakort en styrkti í þess stað Stígamót um kr. 200.000. Ljósmaðrafélag Íslands styrkti Stígamót um 50 þúsund krónur og minntu í leiðinni á lykilstöðu ljósmaðra í lífi fæðandi kvenna, en við fæðingar geta ýfst upp gömul sár.

Viðurkenningar til Stígamótakvenna

Starf Stígamóta er enn umdeilt og á að vera það. Stígamótakonur hafa leitast við að ganga á undan í umræðunni og í aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi. Þær hika aldrei við að gagnrýna þær aðstæður, þau lög og það réttarkerfi sem réttlætir, eða dregur úr alvarleika ofbeldis. En þær hrósa líka þeim framförum sem óneitanlega hafa orðið frá stofnun Stígamóta. Undanfarin ár hefur skilningur á starfseminni aukist og starfsemin hefur notið velvildar og viðurkenninga sem birst hafa á ýmsan hátt.



Sunneva Sigurðardóttir Vestfirðingur ársins að mati lesenda BB, ljósmynd BB

Þann 17. júní var Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta sæmd fálkaorðunni og þann 1. jan. 2007 hlaut alnafna hennar dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta fálkaorðuna. Vestfirðingur ársins 2006 var kjörin Sunneva Sigurðardóttir fyrir hugrekki sitt þegar hún kom fram í fjölmiðlum og sagði frá eigin reynslu af kynferðisofbeldi, jafnframt því að hún hefur beitt sér fyrir stofnun systursamtaka Stígamóta á Vestfjörðum.

Hefðbundinn jólaupplestur

Laugardaginn 9. des. bauð heimilisfólkið á Stígamótum upp á hefðbundinn jólaupplestur fyrir sitt fólk. Að þessu sinni mættu þær Andrea Róbertsdóttir með bók sína Spennið beltin, Guðrún Halldórsdóttir með bók sína Opnar dyr og Brynhildur Guðjónsdóttir, sem las upp úr bók Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur um Ólafíu Jóhannesdóttur.

Listasýningar í húsnæði Stígamóta

Eftir að Stígamót fluttu að Hverfisgötu 115 hefur komist á samstarf við íslenskar listakonur. Úrvals listakonur hafa tekið að sér að taka herbergi í ársfóstur. Þannig hafa 6 listakonur sýnt verk sín í húsakynnum Stígamóta þetta árið. Það eru þær Kristín Blöndal, Sesselja Tómasdóttir, Sæunn Ragnarsdóttir, Anna G. Torfadóttir, Elín G. Jóhannsdóttir, Hildur Margrétardóttir og Karla Dögg Karlsdóttir.

Sjálfshjálparstarfið

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf



Þær Björg og Dóra sem verið hafa ráðgjafar á Stígó í áraaðir.

aðrar fagstéttir, samstarfsaðilar og fl., geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma og í gegnum tölvupóst. Einnig hefur hluti af ráðgjafarstarfinu færst úr húsakynnum Stígamóta og nær notendum þjónustunnar en nánar verður sagt frá því annars staðar.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð, eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk, sem til Stígamóta leitar, ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldinu. Aðstandendur, kennarar og

Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum, einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Reynslan af hópastarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum kemur fólk saman til þess að sækja sér styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Hóparnir hittast 15 sinnum í þrjú tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar. Í gegnum árin hafa ýmsar konur leitt sjálfshjálparhópana. Árið 2006 voru leiðbeinendur þær Karla Dögg, Guðný, Björg, Margrét, Oddný og Inga, aðstoðarleiddbeinendur voru þær Nanna, Elísabet og Ingibjörg. Einn karlahópur var starfræktur á árinu.



Hluti leiðbeinenda á námskeiði í Kjarnholtum

Á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Í ár var leiðbeinendanámskeiðið haldið dagana 6.-9. október að Kjarnholtum í Biskupstungum og þátttakendur voru 25. Farið var yfir helstu þætti í hugmyndafræðinni og þá þætti sem skipta máli við úrvinnslu á ofbeldisreynslu. Hlutverkaleikir voru nýttir til þjálfunar og fleira var gert til þess að þjálfra góða leiðbeinendur. Að þessu sinni tóku Vopnfirðingar þátt í námskeiðinu, en þar er hugur í konum að koma á laggirnar sjálfshjálparhópum. Það ber líka að nefna að karlar eru að verða virkari en áður og tveir karlar tóku þátt í námskeiðinu að þessu sinni.

Í ár voru sjálfshjálparhóparnir hjá Stígamótum 9 talsins og að auki voru starfræktir sjálfshjálparhópar annars staðar sem nutu stuðnings og leiðsagnar frá Stígamótum. Þannig voru sjálfshjálparhópar starfræktir

af heimafólki í Vestmannaeyjum, á Ísafirði, á Vopnafirði og á Akranesi, meira og minna eftir uppskriftinni að sjálfshjálparhópum Stígamóta og vinnan fór fram með mismiklum stuðningi og ráðgjöf frá Stígamótum.

Opnir 12 spora fundir

Hópur reyndra Stígamótakvenna endurvakti 12 sporafundina árið 2004 og vann mikla hugmyndavinnu fyrir 12 spora kerfið. Á árinu voru haldnir 52 tólf spora fundir og skráðar komur voru 231. Þessir fundir eru haldnir á miðvikudagskvöldum kl. 20-21 og eru sérstaklega ætlaðir fólki sem búið er að nýta sér aðra þjónustu Stígamóta. Fundirnir eru algjörlega á ábyrgð þeirra sem mæta hverju sinni og má segja að þessi starfsemi sé nýtt og mikilvægt haldreipi í sjálfstyrkingu og stuðningi við það Stígamótafólk sem þegar hefur nýtt önnur úrræði.

Símaþjónusta

Því miður er ekki til nákvæm tölfræðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símaþjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Það má fullyrða að í símaviðtölum berast upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi, sem hvergi kemur fram annars staðar. Sérstaklega er starfræktur sími ætlaður konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Sumar þeirra treysta sér ekki til þess að koma í viðtöl. Að jafnaði eru mörg stuðningssímtöl á dag alla virka daga ársins. Fólk utan höfuðborgarsvæðisins notfærir sér eðlilega mikið þessa leið.

Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Nokkuð var gert á síðasta ári til þess að komast í samband við þær konur sem kynnu að þurfa á aðstoð að halda. Um er að ræða þróunarvinnu sem tekur langan tíma. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar. Að vanda voru fengnir erlendir sérfræðingar til landsins til þess að fræða okkur og aðra og Stígamót tóku þátt í stóru Evrópuverkefni um vernd fyrir konur sem seldar hafa verið mansali.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum, nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf, en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber, eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.


Sjálfsvarnarnámskeið í húsnæði Stígamóta

Reynir hjá Sjálfsvarnarskóla Íslands bauð upp á sjálfsvarnarnámskeið og hugmyndafræði sjálfsvarnar gegn nauðgunum fyrir Stígamótakonur. Fyrst var haldið tilraunanámskeið fyrir starfskonur og leiðbeinendur og síðan var boðið upp á námskeið fyrir almenning.

Starfsemi Stígamóta þenst út

Á árinu var mikil eftirspurn eftir ráðgjöf frá Stígamótum umfram hefðbundna þjónustu. Víða á landinu leitaðist fólk við að finna leiðir til þess að aðstoða það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Þannig fóru þær Guðrún Jónsdóttir og Sunneva Sigurðardóttir til Ísafjarðar dagana 17.-18. mars, þar sem kynnt var sjálfshjálparstarf Stígamóta og í framhaldi af því fór af stað sjálfshjálparhópur rekin(n) af heimafólki. Augljóst var að uppsöfnuð þörf fyrir stuðning var mikil. Vestmannaeyjar voru heimsóttar dagana 30. -31. mars af Guðrúnu og Þórunni og haldnir voru maraþonfundir með stýrihópi félagsþjónustunnar og svo með öllu því fagfólki í Eyjum sem hugsanlega gæti komið að

Stígamót í útrás



kynferðisofbeldi og um kvöldið var opinn fundur þar sem safnaðarheimilið fylltist út úr dyrum. Í framhaldinu var settur af stað sjálfshjálparhópur í Eyjum. Enn má nefna að Fangelsismálastofnun óskaði eftir að sett yrði á laggirnar tilraunaverkefni í Kvennafangelsinu, þar sem föngum væri boðið upp á regluleg vikuleg viðtöl og fór sú vinna af stað í október.

Það hefur lengi verið ljóst að hefðbundið starf Stígamóta hentar ekki öllum jafnvel. Fólki utan höfuðborgarsvæðisins hefur t.d nýst þjónustan illa vegna fjarlægða, þrátt fyrir að margir hafi lagt á sig mikinn kosnað og fyrirhöfn til þess að sækja ráðgjöf frá öllum hlutum landsins. Þess vegna varð til verkefnið "Stígamót á staðinn". Verkefnið byggist á því að bjóða upp á þjónustu Stígamóta í heimabyggðum um allt land. Samningaviðræður hófust við Austfirðinga um tilraunaverkefni í þrjá mánuði. Verkefnið var samþykkt og mun felast í því að ráðgjafi frá Stígamótum mun fljúga austur hálfsmánaðarlega og bjóða upp á ráðgjafarviðtöl. Verkefnið fer í gang árið 2007. Hugmyndin er svo að bjóða upp á slíka þjónustu til frambúðar og í öllum landshlutum.

Samstarf Stígamóta og Krýsuvíkursamtakanna



Þórunn og Thelma í Krýsuvík

Frá því í okt. 2004 hafa þær Thelma Ásdísardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir séð um vikulega ráðgjöf fyrir það fólk sem hefur verið í vímuefnaeðferð hjá Krýsuvíkursamtökunum. Jafnframt sjá þær stöllur um reglulega fræðslu fyrir heimilisfólk og starfsfólk. Að lokinni meðferð í Krýsuvík er fólki síðan boðin þjónusta Stígamóta og hafa margir nýtt sér það tilboð. Á árinu nýttu 29 einstaklingar þjónustuna 14 konur og 15 karlar. Viðtölin urðu 152.

Fræðsla og kynning

Annað af tveimur meginmarkmiðum Stígamóta er fræðsla og vitundarvakning um kynbundið ofbeldi. Að venju fór hún fram á ýmsan hátt og verður hér stiklað á stóru. Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta sér um fræðslumálin, en aðrar starfskonur hafa líka tekið þátt í fræðslustarfinu.

Fræðsla fyrir skóla og ungt fólk

Á undanförunum árum hefur áhugi ungs fólks fyrir fræðslu, rannsóknnum og aðgerðum gegn kynferðisofbeldi aukist jafnt og þétt. Vitundarvakningin hefur m.a. orðið til þess að fleiri og fleiri stúlkur velja að stíga fram, kasta af sér órökréttir skömm og sektarkennd og segja frá reynslu sinni af kynferðisofbeldi og hjálpinni sem þær hafa fengið hjá Stígamótum. Allar hafa stúlkurnar sjálfar óskað eftir því að taka þátt í fræðslu Stígamóta og alltaf hefur það verið hvatning fyrir aðrar ungar konur að leita sér hjálpar og ákveða að láta sér líða betur. Þetta endurtók sig hvað eftir annað á árinu, án þess að nokkuð samráð hafi átt sér stað og er ánægjulegt merki um aukinn styrk og hugrekki kvenna.

Jafningjafraeðslan sendi hópa ungs fólks úr framhaldsskólum í Reykjavík í heimsókn þann 25. janúar og 8. júní. Þann 31. október heimsóttu krakkarnir Stígamót til þess að fá styrkingu vegna átaksverkefnis þeirra “Nóvember gegn nauðgunum”.

Það er athyglisvert að flest nemendafélög framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu óskuðu eftir fræðslu frá Stígamótum þegar krakkarnir höfðu eitthvað val um námsefni. Má nefna árlega heimsókn í Verslunarskólann á forvarnardögum, heimsókn í MH á lagningadögum og aftur þegar útskriftarnemar völdu sér fyrirlesara á lífsleiknidögum. Fyrirlestur var haldinn í Flensborg þann 8. mars á alþjóðlegum baráttudegi kvenna og aftur þegar nemendur máttu velja þema þann 2. nóv. Þá kynnti Sigríður Bylgja fulltrúa Stígamóta og tók sérstaklega fram að hún væri Stígamótastelpa og hlaut lof samnemenda sinna fyrir hugrekkið. Í framhaldi af því ræddi hún reynslu sína og úrvinnslu í Kastljósinu. Framhaldsskólakrakkar eru ekki fjársterkir, en sýndu hug sinn til Stígamóta með þessum hætti. Þann 23. mars báðu krakkar í MR um fræðslu og Erna óskaði eftir að deila reynslu sinni af ofbeldi og hjálp Stígamóta með samnemendum sínum. Hún gerði það mjög málefnalega og vakti krakkana til umhugsunar um öll leyndarmálin sem geymd eru mitt á meðal þeirra. Á Akranesi gerðist það sama, forvarnarhópur skólans bað um fræðslu fyrir alla 600 nemendur skólans og Stígamótastelpa kynnti fræðsluna og sagði jafnframt frá sjálfshjálparhópi sem starfræktur er við skólann. En fræðsla til ungs fólks fór ekki bara fram í skólunum þeirra, sumir hópar heimsóttu Stígamót. Þórunn Friðriksdóttir félagsfræðikennari í Fjölbraut Suðurnesja heimsækir Stígamót með krakkana sína á hverju ári og árið 2006 gerðist það þann 19. október. Nemendur Borgarholtsskóla gerðu það sama þann 29.11. Fjöldi nemanda á öllum skólastigum mættu í smíðju Stígamóta vegna ýmis konar verkefna og var þeim alltaf sinnt af kostgæfni. Komu nemendurnir víða að, sumir alla leið frá Akureyri.

Mikilvægur hópur fyrir börn og ungt fólk er skólastarfsfólk. Eftirspurn eftir fræðslu fyrir starfsfólk skóla hefur aukist. Slík fræðsla fór fram í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði þann 30. jan. Í Austurbæjarskóla þann 27. nóvember. Vinnuhópur sem tók að sér að gera tillögur um viðbúnað skóla vegna ofbeldis óskaði eftir fræðslu hjá Menntasviði Reykjavíkur. Námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur Austurbæjarskóla heimsóttu Stígamót og kynntu sér starfsemina.

Háskólanemar fræddust líka um kynferðisofbeldi á Stígamótum. Allir 40 félagsráðgjafarnemarnir á 4. ári heimsóttu Stígamót dagana 12. og 19. október. Félag félagsfræðinema, félag sálfræðinema og félag stjórnmálafræðinema óskuðu eftir að komast í ”vísindaferð” og var tekið á móti þeim með ánægju.

Lokaverkefni á háskólastigi í samstarfi við Stígamót

Á árinu skiluðu tveir hópar háskólanema BA og BS verkefnum sem unnin voru í tengslum við Stígamót. Þær Britta Gloyer Jenssen, Katrín Ólafsdóttir og Sólrún Dögg Árnadóttir skrifuðu lokaverkefni sitt við Háskólann á Akureyri undir fyrirsögninni “Reynsla, þekking og viðhorf hjúkrunarfræðinga á kynferðisofbeldi”. Niðurstaða þeirra var sú að mjög má bæta undirbúning hjúkrunarfólks til þess að mæta ofbeldi. Verkefnið kynntu þær svo bæði á norrænum vettvangi í Færeyjum á ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold og einnig hjá Stígamótum. Kynning þeirra á norrænum vettvangi leiddi til mikilla og frjórna umræðna.

Þær Katrín Erlingsdóttir og Hildigunnur Magnúsdóttir skrifuðu BA ritgerð saman í félagsráðgjöf. Þær nýttu sér sérfræðipækkingu Stígamótafólks sem beitt hefur verið ofbeldi, til þess að skoða kynferðisbrotamenn. Fram í dagsljósið komu nýjar og áhugaverðar upplýsingar um ofbeldismenn sem brýnt er að skoða nánar. Verkefnið var kynnt í Kastljósi og á hádegisfundi á Stígamótum. Fyrir bæði þessi verkefni fengu nemarnir ágætiseinkunn. Stígamót vilja allt til þess vinna að hvetja háskólanema til þess að nýta sér þá námu sem Stígamót eru til þess að rannsaka allar hliðar kynbundins ofbeldis.

Önnur fræðsla

Reynt var að bregðast við öllum óskum um fræðslu. Á Reykjalundi fer fram mikilvægt starf fyrir okkar fólk og þar var fundur með starfsfólki þann 13. janúar. Í framhaldi af því heimsóttu fjórir sálfræðingar Reykjalunds Stígamót til frekara spjalls og umræðna. Starfsfólk Þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness var heimótt þann 20. janúar. Þann 27. janúar flutti talskonan erindi á vegum Kvenréttindafélags Íslands undir yfirskriftinni Staðalmyndir og kynferðisofbeldi. Í janúar voru Félagskonur líka heimsóttar með fræðsluerindi. Rótaríklúbbur var heimsóttur í febrúar, svo og Lionsklúbburinn Fold. Fræðsla fór einnig fram utan höfuðborgarsvæðisins og má nefna fundi á Ísafirði 17.-18. mars og í Vestmannaeyjum, 29.-31. mars. Þann 2. ágúst mætti Karlahópur Feministafélagsins í árlega heimsókn fyrir útihátíðahrinuna. Að þessu sinni voru þau óvenjumörg og nýttu tímann líka til þess að ganga frá kynningarefni. Samstarfið við Karlahópinn hefur frá upphafi verið einstaklega gefandi og skemmtilegt. Feministafélag Íslands vinnur líka í nánu og góðu samstarfi við Stígamót og þar sat talskonan í pallborði á Hittinu þann 3. okt. um framtíðarverkefni feminista. Í nóvember var kynbundið ofbeldi á dagskrá hjá VG á Selfossi, svo þangað var haldið með erindi.

Erlendir gestir

Ýmsir erlendir gestir heimsóttu Stígamót. Má nefna rússneska stjórnáfræðinema frá Archangelsk, starfsfólk í eistneska félagsmálaráðuneytinu, Stór sendinefnd frá danska Alþýðusambandinu heimsótti Stígamót og óskaði sérstaklega eftir að hitta hana Thelmu okkar Ásdísardóttir. Kvennaathvarfið í Huddinge í Svíþjóð heimsótti Stígamót. Anke Koch samstarfskona okkar frá fyrri Daphneverkefnum frá Kvennaathvarfi í Lübeck heimsótti Stígamót og hefur metnaðarfullar hugmyndir um frekara samstarf. Fulltrúar Bandaríska sendiráðsins komu tvisvar í árlegar heimsóknir vegna útgáfu mannréttindaskýrslu þeirra og buðu jafnframt í móttöku vegna fráhrarfs Lisu Kierans þann 23. júní. Þar að auki buðum við til okkar erlendum sérfræðingum sem sagt er frá annars staðar.

Samskipti við fjölmiðla

Að venju var leitast við að eiga gott samstarf við fjölmiðla. Engir samstarfsaðilar eru mikilvægari þegar kemur að fræðslu og vitundarvakningu. Fjölmiðlar hafa á undanförunum árum sýnt aukinn skilning á málaflökknum og Stígamót tóku lífandi þátt í umræðunni í öllum fjölmiðlum í ólíku samhengi. Innslögin má nálgast í gagnagrunnum fjölmiðlanna.

Samskipti við íslensk stjórnvöld

Samstarf við stjórnáfræðingafólk er lykilatriði fyrir breytt þjóðfélag. Samskiptin fara fram með ýmsu móti. Umsagnir voru skrifaðar um frumvörp sem fram komu innan okkar málaflökks og má nefna ítarlega umsókn um frumvarp um ofbeldi í parsamböndum og aðra um endurskoðun á kynferðisbrotakaflanum. Þeim frumvörpum var fylgt eftir á fundum með allsherjarnefnd. Fjárveitinganefnd var að venju heimsótt til þess að fylgja eftir fjárhagsáætlun. Félagsmálaráðherra þáði boð í eftirmiðdagskaffi og var einnig heimsóttur þann 6. sept.. Þingmenn höfðu samband vegna málatilbúnaðar. Talskona Stígamóta átti sæti í

sendinefnd Íslands hjá Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna í New York og undirbjó íslenska dagskrá í samvinnu kvennasamtaka og fulltrúa Utanríkis og Félagsmálaráðuneytis með tilheyrandi fundahöldum.

Einnig má nefna fundahöld með landlækni bæði vegna kærumála og annars samstarfs. Kvannahreyfingin hélt málstofu vegna aðgerðaáætlunar um kynbundið ofbeldi þann 27. mars og voru Stígamót aðilar að því fundarboði. Á fundinn mætti dómismálaráðherra ásamt fulltrúum ráðuneyta og þingmönnum. Samstarfsnefnd ráðuneyta og Sambands ísl. sveitarfélaga boðaði til kynningarfundar þann 31. október um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Borgarstjóri Steinunn Valdís Óskarsdóttir bauð frjálsum félagasamtökum til móttöku í Höfða í tilefni af styrkveitingum til einstakra verkefna.

Samstarf kvannahreyfingarinnar og samstarf við karla

Undanfarin ár hafa kvennasamtök verið sammála og samstíga um þau verk sem vinna þarf til þess að koma á réttlátu þjóðfélagi. Samstarf var um ýmis mál og er helst að nefna 16 daga áttak gegn kynbundu ofbeldi. Kristbjörg Kristjánsdóttir átti sæti í undirbúningsnefndinni fyrir hönd Stígamóta og Stígamót stóðu fyrir tveimur dagskrárliðum sem getið er annars staðar auk blaðagreinar. Samstarf var um kvennanefndarstarf SP og um mansalsverkefni auk stakra funda.

Mæðrastyrksnefnd bauð í opnun á nýju húsnæði í Hátúni 12b og Barnaheill kynntu okkur gagnagrunn á netinu þann 24. apríl, sem er Evrópuverkefni sem Stígamót eru aðilar að. Blátt áfram buðu til ráðstefnu í Kennaraháskólanum. Karlahópur var með fersk innsög í baráttunni og Kristbjörg tók virkan þátt fyrir Stígamót.



Karlahópur á útihátíð – Kristbjörg okkar kona alltaf á vaktinni gegn ofbeldi

Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Á undanförunum árum hefur skapast sú hefð að bjóða sérstaklega í eftirmiðdagskaffi til Stígamóta því áhrifafólki sem gæti skipt sköpum í baráttunni gegn ofbeldi. Þá er starfsemin kynnt lítilliga, boðið upp á kaffi og með því og síðan rætt sérstaklega um þau málefni sem brýnust eru hverju sinni. Undantekningalaust hafa slík boð skilað auknum skilningi og bættu samstarfi.



Eitt af óskaverkefnum er að byggja brýr á milli Stígamóta og fræðifólks. Í því skyni voru fræðikonur úr ýmsum deildum HÍ boðnar í eftirmiðdagskaffi. Þeim var kynnt starfsemin og lögð áhersla á allan þann fjölda fólks sem nýtir sér starfsemina á hverju ári og er fúst til þess að deila reynslu sinni fyrir vísindin. Í sama skyni mættu fræðikonur sem starfa við Kennaraháskóla Íslands.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra, Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri og fylgdarlið mættu til skrafs og ráðagerða þann 10 nóvember. Farið var yfir brýnustu úrlausnarefni, fjárþörf og breytta starfsemi.

Hádegisfyrirlestrar

Árið 2005 var gerð tilraun með hádegisfyrirlestra sem að gagni mættu koma fyrir starfskonur og alla aðra. Í ár voru slíkir fyrirlestrar haldnir tvisvar. Það voru lokaverkefni úr HÍ og Háskólanum á Akureyri sem voru kynnt. Það er ekki síst mikilvægt að hádegisfyrirlestrarnir hafa komist í fjölmiðla og þannig hefur kynning á þekkingaröflun um málaflokkinn komist til þjóðarinnar.

8. mars

Stígamót voru stofnuð árið 1990 á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Að venju hófst afmælisdagurinn með kynningu á ársskýrslu og ársreikningum síðasta árs. Listasýning var opnuð og húsið opnað gestum og gangandi um eftirmiðdaginn. Skemmtiatriði voru nokkur og húsið troðfyllt af vinafólki starfseminnar.

Sólarhliðarnar á Stígamótum á menningarnótt

Stígamót ákváðu að taka þátt í menningarnæturdagskránni þann 19. ágúst sl. Ákveðið var að leggja áherslu á þau svið mannlífsins sem venjulega fá of litla athygli í húsinu en eru svo eftirsóknarverð. Sjónum var beint að ást, hlýju, vináttu, kynlífi og skemmtilegheitum.

Húsið var opnað upp á gátt fyrir gesti og gangandi og komið fyrir veitingatjaldi fyrir utan með hollum drykkjum og ferskum ávöxtum. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hóf dagskrána, en auk hans tóku til máls fjöldi góðra kvenna, bæði ráðherra, þingkona, listakonur, nunnur, litlar stelpur og okkar konur. Sérstaklega verður að nefna Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu sem gaf góð ráð og aðstoðaði við að koma saman dagskránni. Fluttir voru frumsamdir textar, ástarljóð og undurfagur söngur hljómaði um húsið. Frábær tilbreyting og troðfullt hús.



Frá konum til karla



Hjálmar, Gísli Hrafn og Kristbjörg

spurningunni um hver ábyrgð karla sé í umræðunni um kynferðisofbeldi, hvernig karlar geti tekið þátt í henni og haft áhrif á hana. Þegar málþingi karlanna lauk var gengið að Héraðsdómi Reykjavíkur til að mótmæla lélegri nýtingu á refsiramma laganna gagnvart nauðgurum. Að mótmælastöðunni lokinni var fólki boðið aftur í Tjarnarbíó þar sem samantekt var gerð á málþingunum tveimur. Boðið var upp á veitingar og ljúfa tóna frá trúabörðunum Lay Low og Þóri.

Kristbjörg Kristjánsdóttir ásamt fulltrúum Bríetar og Karlahóps Feministafélagsins stóðu fyrir dagskrá í tengslum við 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Haldin var tvískipt ráðstefna í Tjarnarbíói laugardaginn 25. nóvember undir yfyrskriftinni “Frá konum til karla”. Fyrri hlutinn fjallaði um órökkrétta sektarkennd kvenna sem beittar hafa verið kynbundnu ofbeldi. Ráðstefnugestum var boðið upp á að hafa með sér steina sem táknuðu sektarkenndina og leggja þá í sameiginlega vörðu. Seinni hluti málþingsins var tileinkaður ábyrgð karla á ofbeldinu. Leitast var við að svara

Julie Bindel á Íslandi í boði Stígamóta

Í tengslum við evrópska mansalsverkefnið sem Stígamót halda utan um ásamt Kvennaathvarfi og Dómsmálaráðuneytinu, buðu Stígamót Julie Bindel til Íslands og nýttu til þess Kristínarsjóð. Bindel er þekktur feministi og starfar nú sem blaðakona The Guardian og skrifar um feminísk málefni. Hún hefur unnið að nokkrum mikilvægum mansalsverkefnum og starfar m.a. við Poppy verkefnið í London sem er tilboð til kvenna sem beittar hafa verið mansali. Bindel hélt erindi á fundi með tenglahópi mansalsverkefnisins og einnig var haldinn opinn fundur á Sólon Íslandus þann 30. maí.

Karlanærbuxur með áletrun

Stígamót framleiddu í tengslum við ráðstefnuna “Frá konum til karla” fallegar svartar karlanærbuxur með silfuráletruninni “Ég tek ábyrgð” og merki Stígamóta. Nærbuxurnar voru hugsaðar sem upplögð jólagjöf, en einnig sígild gjöf til ábyrgra karla á öllum aldri. Buxurnar má kaupa hjá Stígamótum.

Nærbuxurnar vöktu mikla hrifningu og ábyrgir karlar um land allt skarta nú stígamótanærbuxum.



Dorit Otzen hitti allsherjarnefnd og hélt erindi í Norræna húsinu



Í tengslum við 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi og í tilefni af umfjöllun allsherjarnefndar um endurskoðun á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna, var Dorit Otzen boðin til Íslands fyrir fé úr Kristínarsjóði. Otzen hefur nokkrum sinnum áður komið til Íslands og býr yfir dýrmætri þekkingu og reynslu af vændiskonum og mansali. Hún er forseti elstu alþjóðasamtaka í heimi gegn vændi IAF, hún rekur Hreiðrið og stýrir fleiri úrræðum fyrir konur í vændi í Danmörku.

Hún gerði hvað hún gat til þess að lýsa fyrir allsherjarnefndarþingmönnum hvers vænta mætti ef danska leiðin yrði farin eins og fyrir lá í frumvarpinu. Hún hélt líka erindi á opnum fundi Stígamóta í Norræna húsinu þann 5. desember.

Loksins framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi

Það hefur verið framhaldssaga í ársskýrslum undanfarinna ára að segja frá nauðsyn þess að heildarstefnumörkun lægi fyrir í málaflokknum. Aðdragandinn að slíkri stefnumörkun var langur og kraftmikið skref var tekið þegar aðgerðahópur úr Kvennahreyfingunni skrifaði drög að slíkri áætlun. Loksins þann 5. desember kynnti félagsmálaráðherra aðgerðaáætlun gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum sem og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi.

Aðgerðaáætlunin felur í sér 37 aðgerðir. Hverri aðgerð er lýst sérstaklega ásamt tilgangi hennar. Einstökum ráðuneytum hefur verið falin ábyrgð á framkvæmd sérhverrar aðgerðar ásamt því að settur er fram tiltekinn tímarammi um framkvæmdina. Ánægjulegur áfangasigur. Stígamót munu fylgjast vel með því að fjármagn fylgi áætluninni og að henni verði hrint í framkvæmd.

Endurskoðun kynferðisbrotakafla hegningarlaganna

Á árinu var kynnt frumvarp dómsmálaráðherra um endurskoðun á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna. Frumvarpið fól í sér ýmsar réttarbætur og leiðréttingar á úreltum ákvæðum og ber að fagna því. Í frumvarpinu var hins vegar virt að vettugi sjónarmið allrar kvannahreyfingarinnar, allra þingkvenna annarra en sjálfstæðiskvenna og ýmissa annarra um að banna kaup á vændi og eru það mikil vonbrigði.

Alþjóðastarf

Það er grundvallaratriði fyrir faglegt starf á Stígamótum að fylgjast vel með á alþjóðvettvangi. Í þeirri alþjóðavæðingu sem átt hefur sér stað undanfarin ár, hefur alþjóðlegt samstarf kvannahreyfinga aukist til mikilla muna og þekkingaröflun og öll samskipti eru auðveldari. Jafnframt verður að nefna að alþjóðlega skipulögð glæpastarfsemi nær meðal annars til mansals kvenna í klámiðnaði. Mansal verður ekki upprætt nema með samstilltu átaki þvert á landamæri.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna

Talskona Stígamóta átti sæti í íslensku sendinefndinni sem sótti 50. fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York um mánaðarmótin febrúar - mars. Kvennanefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir Pekingáætluninni um jafnrétti kynjanna frá árinu 1995. Megin þemu að þessu sinni voru konur og ákvarðanataka og konur og þróun. Þar sem framboð af fyrirlestrum og fundum var meira en mögulegt var að komast yfir, valdi fulltrúi Stígamóta efni sem tengdust ofbeldi og mansali. Jafnframt var tíminn nýttur til þess að skapa og styrkja tengsl við þau norrænu og alþjóðlegu samtök sem Stígamót eru aðilar að. Það var ómetanlegt að fá tækifæri til þess að fylgjast með þróuninni um allan heim í svo mikilvægum málaflokki.

Samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansal

Stígamót tóku að sér að kynna á Íslandi samstarfsverkefni sem Europeans Women's Lobby kom á fót. European Women's lobby eða EWL eru stærstu regnhlífarsamtök kvennasamtaka innan Evrópusambandsins með meira en 4000 aðildarsamtök í 25 löndum. Verkefnið snýst um samstarf Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna um stuðning, vernd, örugga heimferð og endurhæfingu fyrir konur sem seldar hafa verið mansali. Hugmyndin var að innan hvers lands yrði komið á laggirnar samstarfsteymi allra þeirra aðila sem að mansalsmálum kæmu til þess að tryggja að hugsanlegum fórnarlömbum mansals yrði mætt á eins faglegan hátt og unnt er. Síðan yrði vinnan samhæfð á meðal aðildarlandanna og loks yrði vinnulagið yfirfært á allt Evrópusambandið.



Þær Þær Grainne Healy formaður deildarinnar innan EWL sem fer með ofbeldi gegn konum og Malin Björk verkefnisstjóri samstarfsverkefnisins.

Til þess að kynna verkefnið og koma því á laggirnar hér á landi komu þær Malin Björk verkefnisstýra og Mary MacPhail framkvæmdastýra EWL til Íslands. Auk talskonu Stígamóta eiga Kvennaathvarfið og Dómsmálaráðuneytið fulltrúa í stjórn verkefnisins á Íslandi. Aðilar að verkefninu eru Dómsmálaráðuneytið, Félagsmálaráðuneytið, Félagshjónustan í Reykjavík, Ríkissaksóknaraembættið, Vinnuáskrifstofan,

Útlendingastofnun, Ríkislögreglustjóraembættið, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Sýslumannsembættið á Keflavíkurlflugvelli, Mannréttindaskrifstofan, Alþjóðahúsið, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Kvennaráðgjöfin og Stígamót.

Haldnir voru nokkrir fundir á árinu þar sem skilgreind voru brýn verkefni og þar sem einstakir aðilar upplýstu hvernig þeir myndu bæta eigin vinnuferli. Íslenska samstarfsteymið hélt sérstakan fund með nýjum lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu Stefáni Eiríkssyni sem lýsti sig fúsan til hvers kyns samstarfs. Stígamót buðu Julie Bindel til Íslands til þess að fræða teymið um mansal. Að auki voru haldnir tveir samstarfsfundir í Ríga dagana 17.-20 júní og í Kaupmannahöfn dagana 6. – 10. desember, fyrir verkefnisstjórnir landanna allra. Á þeim fundum voru unnin mikilvæg verkefni auk þess sem fyrirmyndarverkefni voru kynnt, og helstu sérfræðingar kynntu rannsóknir sínar.

Norrænar konur gegn ofbeldi



Norræna ráðstefnan í þessum mikilvægu samtökum norræna kvennasamtaka sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi, var að þessu sinni haldin í Færeyjum. Þær Kristbjörg Kristjánsdóttir og Guðrún Jónsdóttir voru fulltrúar Stígamóta á ráðstefnunni. Fundarefnið var ofbeldi og heilsa. Fram komu mikilvægar upplýsingar um skert lífsgæði kvenna sem búið hafa við ofbeldi, hversu mikið ofbeldið kostar norræn samfélög og ýmislegt fleira. Talskona Stígamóta á sæti í samræmingarnefnd samtakanna og haldinn var árlegur undirbúningsfundur fyrir næsta ár í Kaupmannahöfn fyrstu helgi í desember.

Aðrar ráðstefnur og fundir

Aðrar erlendar ráðstefnur sem fulltrúar Stígamóta sátu voru mansalsráðstefna í Tallinn 27.-30. apríl sem þótti nauðsynleg í tengslum við mansalsverkefnið, en einnig sótti Kristbjörg Kristjánsdóttir ráðstefnu um giftingar gegn vilja kvenna sem haldin var í Noregi dagana 13.-15. desember. Annars staðar er sagt frá þeim Dorit Otzen og Julie Bindel sem Stígamót buðu sérstaklega til Íslands.

Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum

- **Norrænar konur gegn ofbeldi** sem eru regnhlífarsamtök norræna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi.
- **ENATW –European network against Trafficking in Women**, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er www.aretusa.net
- **Norsk nettverk mot prostitusjon og trafficking** Stígamót ásamt Hreiðrinu í Danmörku og Louise Eek í Svíþjóð eru aðilar að netinu, önnur samtök eru norsk.
- **Wave** - women against violence in Europe með vefsíðuna: www.wave-network.org
- **International Abolitionist Federation** sem eru elstu starfandi samtök gegn vændi í heiminum
- **Coalition Against Trafficking in Women** sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar <http://www.catwinternational.org/>
- **European's Womens Lobby** – ekki aðild en samstarf um ýmis verkefni <http://www.womenlobby.org/site/hp.asp>



TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 17 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Ýmislegt fleira má lesa úr eftirfarandi tölum. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

Sifjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2006 leituðu 474 einstaklingar til Stígamóta og af þeim voru 266 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2006 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 266 einstaklinga.

Á þeim 17 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2006 hafa 4499 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 6369 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Samkvæmt þjóðskrá eru konur á Íslandi 151.096. Til Stígamóta hafa undanfarin 17 ár leitað 4266 konur eða 2.82 % íslenskra kvenna.

Það er athygli vert hversu miklu fleiri ofbeldismennirnir eru en þau sem beitt eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Á árinu voru 9 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2006 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrstu tólf starfsárunum má nálgast hjá Stígamótum.

Tafla 1) Fjöldi viðtala árið 2006

Fjöldi einstaklinga	Þar af ný mál	Heildarfjöldi viðtala	Fjöldi ofbeldismanna
474	266	2066	365

Þegar þessar tölur eru bornar saman við síðustu ár kemur í ljós að leita verður til ársins 1995 til þess að finna sambærilegan fjölda. Fjölgunin frá árinu áður nemur tæpum 7%. Fjöldi einstaklinga sem færast á milli ára er minni en í fyrra sem nemur 12.7%. Heildarfjöldi viðtala er nánast sá sami og árið á undan. Fjöldi ofbeldismanna er meiri en nfu undanfarin ár, og nemur fjölgunin 22% frá fyrra ári.


Breyting á meðferð tölulegra upplýsinga

Sú breyting var gerð á söfnun tölulegra upplýsinga á árinu að notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út spurningalista, en áður höfðu ráðgjafar unnið þá vinnu. Þessi breyting var gerð í samræmi við þá hugmyndafræði að bestu sérfræðingarnir í málefnum hvers og eins séu þau sem í hlut eiga. Í einstaka atriðum greinir starfskonum og notendum á ef miðað er við fyrri ár. Þegar það á við er þess getið í texta.

Skipting einstaklinganna eftir kyni

Kyngreining á þeim sem leituðu til Stígamóta sýndi að 26 eða um 10% þeirra voru karlar, en það er sambærileg tala við árin á undan. Nær allir þeir karlar sem leituðu hjálpar hjá Stígamótum voru beittir sífjaspellum sem börn. Karlar hafa undanfarin 5 ár verið frá 4.2% og upp í 10.8% notenda þjónustunnar. Samkvæmt óbirtri rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá 2002 (Mbl. 17. sept. 2002) má ætla að karlar geti verið um 20% þeirra sem beittir eru sífjaspellum. Þar sem sífjaspell voru á árinu 43% málanna, samsvarar þessi fjöldi karla 18.8% sífjaspellsmála. Stígamót eru því að nýttast körlum nokkuð vel.


Tafla 2) Fjöldi nýrra mála frá upphafi



Taflan sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 15 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóv. 1998. Samkvæmt töflunni er ljóst að leita þarf aftur til ársins 1995 til þess að finna sambærilegan fjölda og nýtti þjónustuna á árinu.

Tafla 3) Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2006

Þessi tafla er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert. Sú þumalputtaregla gildi ekki á árinu.



Tafla 4a) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2006

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	143	42,2%
Nauðganir og afleiðingar þeirra	117	34,5%
Grunur um sifjaspell	6	1,8%
Grunur um nauðgun	4	1,2%
Kynferðisleg áreitni	52	15,3%
Vændi	9	2,7%
Klám	8	2,4%
Alls:	339	100


Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir.

Þar sem um grun er að ræða, er ástæðan t.d. sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa orðið fyrir ofbeldi, en minnið er brostið.

Konur hafa leitað hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konunum hótad að þeim verði dreift.

Þegar tölur ársins eru bornar saman við fyrri ár eru það mun fleiri en áður sem skilgreina ofbeldið sem áreitni, en ekki nauðganir eða sifjaspell. Hluti skýringarinnar er eflaust að fólkið sem leitar hjálpar lítur eigin mál ekki eins alvarlegum augum og ráðgjafarnir. Tölurnar er því ekki hægt að bera beint saman við fyrri ár.


Tafla 4b)



Um klám og vændi

Á síðasta ári nýttu 20 konur viðtalsþjónustu Stígamóta vegna vændis, þar af voru 9 ný mál og 11 eldri mál. Í ár voru engir karlar þar á meðal. Að auki leituðu 8 konur hjálpar vegna kláms. Nokkrar konur voru í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis og teljast þær ekki með í tölfræðinni. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum, að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Einnig er vændi falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrir en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.

Tafla 4c) Samanburður milli ára



Tafla 5) Hverjir leituðu til Stígamóta í fyrsta sinn árið 2006

	Fjöldi	Hlutfall
ofbeldisþoli	260	98
Móðir	3	1,25
Faðir	1	0
Annar	2	0,75
Alls	266	100

Hér eru einungis skrásettar upplýsingar um það fólk sem leitaði eftir stuðningi hjá Stígamótum. En eins og segir í textahluta ársskýrslunnar voru Stígamót heimsótt af ýmsum fleirum. Má nefna námsfólk, samstarfsaðila, stjórnmalafólk, fagfólk og erlenda aðila.

Mökum er velkomið að fá viðtöl hjá Stígamótum en koma aðeins fram í tölum þegar sú (eða sá) sem beitt var ofbeldi leitaði ekki hjálpar.

Tafla 6a/b) Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2006

Tafla 6 a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 6 b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Flestir nýttu sér Stígamót á aldrinum 19-39 ára, en ofbeldið hófst hins vegar oftast á aldrinum 5-10 ára.


6a)

	Fjöldi	Leitað (%)
0-4	0	0
5-10	0	0
11-15	1	0,4
16-18	26	9,8
19-29	104	39,1
30-39	50	18,8
40-49	50	18,8
50-59	23	8,6
60 og eldri	7	2,6
Óvíst	5	1,9
Alls	266	100

6b)

	Fjöldi	Framið (%)
0-4	11	4,1
5-10	109	41
11-15	55	20,7
16-18	36	14,1
19-29	38	14,8
30-39	5	1,9
40-49	1	0,4
50-59	1	0,4
60 og eldri	0	0
Óvíst	10	2,6
Alls	266	100

Mynd 6c) Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2006




Súlurit 6 c sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 2006. Tekið skal fram að 27 voru 18 ára eða yngri þegar aðstoðar var leitað. Fyrir þann hluta hópsins sem var undir 18 ára aldri er um að ræða mál sem þekkt eru af barnaverndaryfirvöldum eða um er að ræða aðstandendur sem leita hjálpar vegna barna sem eru í meðferð annars staðar. Það er eftirtektarvert á súluritinu hversu langur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.


Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga

Tölur 7, 8 og 9 sýna uppeldisaðstæður, hjúskaparstöðu og fjölda barna þeirra sem leita til Stígamóta. Flest er fólkíð einhleyp og barnlaust, enda meðalaldurinn lágur.

Tafla 7) Uppeldisaðstæður




Tafla 8)
Hjúskaparstaða




Tafla 9) Fjöldi barna

	Fjöldi	Hlutfall %
Barnlaus	104	44,3%
Eitt barn	34	12,8%
Tvö börn	59	22,2%
Þrjú börn	20	7,5%
Fjögur börn	14	5,3%
Fimm börn eða fleiri	4	1,5%
Óvíst	31	11,7%
Alls	266	100%


Tafla 10 a/b) Menntun og atvinna



Súlit 10 a og b bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2006 sýna að margir eru við nám, enda meðalaldurinn ekki hár. Óvissuþátturinn er stór því svör vantar í mörgum tilfellum.




Tafla 11) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað



Tölur í töflunni miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir voru beittir ofbeldi. Á undanföllum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í um 48 % tilvika. Það sem er flokkað úti á landi er bæði í þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk.

Tafla 12 a) Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2006



Um 71 % þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. En þrátt fyrir vegalengdir er notendahópurinn af öllu landinu. Fólkið sem býr lengst í burtu hefur lagt mikið á sig til þess að nýta þjónustuna en símaviðtöl eru þó skásti kosturinn fyrir þennan hóp.

Tafla 12 b) Búseta; samanburður milli ára


	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	
Reykjavík	49,5%	47,6%	55,7%	55,0%	56,6%	55%	47,0%	125
Kópavogur	9,8%	8,9%	9,0%	12,0%	10,5%	10,8%	10,5%	28
Hafnarfjörður	9,3%	8,0%	6,7%	7,2%	11,4%	8,4%	7,5%	20
Seltjarnarnes	2,8%	1,3%	1,6%	2,0%	1,8%	0,8%	0,8%	2
Garðabær	3,7%	0,9%	2,7%	2,4%	2,6%	2,4%	2,3%	6
Mosfellsbær	2,3%	4,0%	2,0%	4,0%	2,6%	0,4%	1,1%	3
Úti á landi	21,5%	24,9%	20,4%	16,7%	11,4%	19,3%	24,8%	66
Erlendis	0,9%	4,4%	2,0%	0,8%	3,1%	2,0%	3,8%	10
Fjöldi	214	225	255	251	228	249	266	

Súlurit 12a sýnir búsetu þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2006. Í töflu 12b er gerð grein fyrir búsetu fólks árin 2001 til 2006 og virðist skiptingin nokkuð lík á milli ára.

Um ofbeldisverkin

Tafla 13) Líkamlegt ofbeldi í bernsku

	Fjöldi	Hlutfall
Já	62	23,3%
Nei	191	71,8%
Ekki vitað	13	4,9%
Alls	266	100%




Eins og sjá má á töflu 13 höfðu 62 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2006 eða 23,3 % búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Hlutfall þeirra sem beittir voru líkamlegu ofbeldi í bernsku er 8% hærra en árið á undan og hefur ekki mælst svona hátt undanfarin ár. Minnt skal á að í þetta skipti fylltu notendur sjálfir út spurningalista og hafa gleggri vitneskju um eigin aðbúnað en ráðgjafar svo væntanlega er um leiðréttingu að ræða frá tölfræði fyrri ára.

Tafla 14 a) Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Eitt skipti	13,3%	18,1%	16,6%	9,4%	8,5%	14,7%
0-3 mánuði	4,9%	5,4%	4,6%	5,8%	5,2%	4,7%
4-6 mánuði	5,6%	2,7%	4,0%	7,2%	6,5%	4%
7-11 mánuði	4,9%	1,3%	2,0%	4,3%	3,9%	7,3%
Eitt ár	13,3%	8,1%	8,6%	10,9%	9,8%	15,3%
Tvö ár	15,4%	10,7%	12,6%	10,9%	9,8%	16,7%
Þrjú ár	14,0%	16,1%	16,6%	13,8%	12,4%	10%
Fjögur ár	10,5%	8,1%	8,6%	10,9%	9,8%	10,7%
Fimm ár	4,2%	7,4%	4,6%	11,6%	10,5%	3,3%
Sex ár	3,5%	4,7%	6,0%	5,1%	4,6%	4,7%
Sjö ár	0,7%	1,3%	1,3%	2,9%	2,6%	1,3%
Átta ár	0,0%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%
Níu ár	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
10 ár eða lengur	1,4%	2,7%	4,0%	2,2%	2,0%	4,0%
Óvíst	7,0%	10,1%	8,6%	14,5%	13,1%	2,7%
Fjöldi	143	149	151	138	153	150

Tafla 14 b)



Hér má sjá upplýsingar um lengd sífjaspellaafbrotá á tímabilinu 2001-2006 á myndrænu formi. Líkt og myndin leiðir í ljós eru miklar sveiflur í tímalengd slíkra brota. Árið 2006 var algengast að sífjaspellsbrot stæðu yfir í eitt til tvö ár.


Tafla 15 a) Hvar átti kynferðisofbeldið sér stað?

	Fjöldi	Hlutfall
Á sameiginlegu heimili	91	27,7%
Á heimili þolanda	30	9%
Á heimili ofbeldismanns	102	31%
Á vinnustað þolanda	20	6%
Á vinnustað ofbeldismanns	8	2,2%
Á víðavangi/leikvelli	20	6%
Í sumardvöl	16	4,8%
Á útihátíð	6	2%
Á skemmtistað	6	2%
Annars staðar	28	8,5%
Óvíst	2	0,08%
Alls:	329	100%

Í töflunni kemur fram, að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður og ofbeldismanns; á heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður eða heimili ofbeldismanns, samtals í tæplega 70 % tilfella.


Í töflunni sem merkt er “annars staðar” er um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi, í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

Tafla 15 b)




Tafla 16) Sagði þolandi frá ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Já	74	27,8%
Nei	182	68,4%
Ekki vitað	10	3,8%
Alls	266	100%



Tafla 17) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis



Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í töflunni og súluritinu er getið um "svipmyndir". Um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Skömm, léleg sjálfmynd, depurð, sektarkennd og erfiðleikar í nánnum tengslum og í kynlífi eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðinn sjálfsköðun flokkast til dæmis átröskun, en einnig er þekkt að konur skeri sig, t.d. á handleggjum.

Tafla 18 a) Sjálfsvígstilraunir

	Fjöldi	Hlutfall
Já	50	18,8%
Nei	205	77,1%
Ekki vitað	11	4,1%
Alls	266	100%

Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2006, höfðu 50 eða 18,8 % gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. Í töflu 18 b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg, borin saman eftir árum. Í óbirtri rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002, á kynferðisofbeldi gagnvart börnum, kemst hún að því að um 15% hafi gert tilraunir til sjálfsvígs og rímar það vel við þessa mynd. Almennt gildir að um 4% fólks hafi gert slíkar tilraunir.

Tafla 18 b) Samanburður milli ára


	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Já	13,8%	12,2%	14,7%	14,5%	11,6%	18,8%
Nei	81,8%	85,1%	78,5%	80,3%	84,3%	77,1%
Fjöldi	225	255	251	138	138	255

Tafla 18 c) Sjálfsvígshugsanir

	Fjöldi	Hlutfall
Já	153	57,5%
Nei	105	39,5%
Ekki vitað	6	3,1%
Alls	264	100%


Rúmlega helmingur þeirra sem leituðu til Stígamóta lýstu sjálfsmorðshugleiðingum. Það er til marks um alvarleika kynferðisofbeldis, að þeir sem fyrir því verða daðri jafnvel við kveðja þetta líf.

Tafla 19) Hvar hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta árið 2006?



Undanfarin ár hefur meira en helmingur af Stígamótafólki ekki fengið aðstoð annars staðar frá.

Tafla 20 a) Tengsl við ofbeldismenn



Á árinu leituðu 266 einstaklingar hjálpar en ofbeldismenn töldust 365, sem er óvenju há tala. Á árinu voru hópnauðganir 9 sem voru 6.8% nauðgana og lyfjanauðganir 15 sem eru 11.3% nauðgana.

Tafla 20 b/c) Samanburður milli ára frá árinu 2001

Sifjaspell	2001	2002	2003	2004	2005	2006	
Faðir	13,4%	18,4%	14,7%	15,2%	15,2%	14,6%	27
Móðir	0,7%	0,6%	0,0%	0,6%	0,6%	0,5%	1
Gift/ur inn í fjölskylduna	9,4%	4,9%	11%	9,7%	9,7%	13%	24*
Bróðir	12,8%	6,1%	12,9%	16,8%	15,8%	9,2%	17
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	0,6%	0,54%	1
Frændi/frænka	22,8%	20,9%	20,2%	18,8%	18,8%	16,2%	30
Afi	8,1%	11%	3,1%	7,3%	7,3%	4,9%	9
Maki						---	---
Fjölskylduvinur	10,1%	12,9%	17,2%	17,6%	17,6%	11,9%	22
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	4,7%	8%	3,7%	3%	3%	7,3%	13
Vinur/kunningi	5,4%	11,7%	12,9%	4,8%	4,8%	14,5%	26
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,8%	2
Ókunnugur	2,0%	0,0%	0,0%	1,8%	1,8%	4,3%	8
Annar/önnur	1,3%	2,5%	1,2%	0,6%	0,6%	1,6%	3
Óvíst	---	---	---	---	---	3,8%	7
Fjöldi	149	163	163	149	165		185

Nauðgun	2001	2002	2003	2004	2005	2006	
Faðir	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	1,67%	3
Móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Gift/ur inn í fjölskylduna	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	4,4%	8
Bróðir	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,55%	1
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	2,2%	1,3%	3,2%	0,0%	1,7%	4,4%	8
Afi	0,0%	0,0%	0,6%	0,6%	0,0%	2,2%	4
Maki	13,3%	10,7%	12,3%	9,7%	8,6%	12,7%	23
Fjölskylduvinur	2,2%	1,3%	1,9%	0,0%	2,6%	3,9%	7
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%	0,0%	3,3%	6
Vinur/kunningi	54,4%	53,3%	53,5%	60,2%	53,4%	34,4%	62
Vinnuveitandi	2,2%	1,3%	0,0%	0,0%	3,4%	2,8%	5
Samstarfsmaður	1,1%	1,3%	1,9%	0,0%	0,9%	2,8%	5
Ókunnugur	23,3%	27,3%	23,9%	28,3%	27,6%	24%	44
Annar/önnur	1,1%	0,7%	0,6%	0,9%	0,9%	1,1%	2
Óvíst	---	---	---	---	---	1,1%	2
Fjöldi	90	150	155	113	116		180


Í töflum 20 b og c eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir tegund ofbeldis og árum.

* Athuga að ekki er um nákvæmlega sömu mælingu árið 2006 og fyrri ár. Árið 2006 var spurt um brotamenn sem eru giftir inn í fjölskylduna en ekki stjúpfæður og stjúpmæður líkt og fyrri ár. Þetta gerir það að verkum að tölur um brotamenn sem voru giftir inn í fjölskylduna árið 2006 þarf að taka með varúð í samanburði milli ára.

Kærð mál

Tafla 21) Fjöldi kæra

	Fjöldi	Hlutfall
Já	39	10,7%
Nei	326	89,3%
Alls:	365	100%



Af þeim málum sem til Stígamóta bárust, vitum við að 10.7 % komust til opinberra aðila. Þessi tala hefur verið breytileg á undanförunum árum en mun fleiri mál voru kærð árið 2006 en árið á undan, þegar aðeins 4.3% voru kærð. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treysti sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökkuð af órókrétrri skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmýnd að þau treysta sér ekki til þess að kæra. Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur árið 2006 að um 85% af þeim sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og 85% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2006 var heildarfjöldi ofbeldismanna 365 sem er hærri tala en mælst hefur tíu undanfarin ár. Eins og annars staðar hefur komið fram eru mögulega sumir þeirra margtaldir. Á árinu var sett inn í gagnasöfnun spurningin um það hvort Stígamótafólk hefði skaðað aðra. Þetta var gert til þess að kanna hvað hæft er í tengslum þess að hafa verið beitt/ur ofbeldi og að beita aðra því sama. Svörin voru að 14 eða 5.5% svöruðu spurningunni játandi, en ekki var tilgreint í hverju skaðinn fælist.

Félagsleg staða ofbeldismanna

Tafla 22) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	
1-10 ára	0,0%	0,3%	0,3%	0,0%	0,0%	0,8%	3
11-15 ára	6,1%	6,0%	7,4%	3,6%	10,0%	6,9%	25
16-18 ára	10,2%	11,0%	13,9%	9,4%	12,7%	8,5%	31
19-29 ára	34,8%	34,5%	37,3%	36,2%	35,1%	29%	105
30-39 ára	28,9%	27,1%	22,8%	16,3%	21,4%	24,%	88
40-49 ára	10,9%	11,0%	10,4%	14,5%	11,4%	7,9%	29
50-59 ára	2,7%	6,0%	2,4%	12,3%	4,0%	5,2%	19
60 ára og eldri	2,7%	2,4%	0,9%	4,0%	2,7%	2,2%	8
Óvíst	7,9%	1,8%	4,7%	3,6%	2,7%	15,6%	57
Fjöldi	256	336	338	276	299	365	


Tafla 22 sýnir að það er næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Árið 2006 voru 59 drengir undir 18 ára aldri eða 16,2%. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "leiki" barna. Ofbeldið er ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

Tafla 23) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	
Innan við skólaaldur	---	---	---	---	---	0,3%	1
Í skyldunámi	7,0%	6,3%	8,0%	5,1%	10%	8,0%	27
Í framhaldsskóla	11,7%	13,1%	14,2%	17%	14%	3,3%	11
Í háskóla	1,6%	1,8%	1,2%	2,5%	0,3%	3,3%	11
Lokið skyldunámi	25%	24,4%	25,7%	26,1%	18,7%	16,7%	56
Í iðnnámi	---	---	---	---	---	0,9%	3
Lokið framhaldsskóla	22,7%	19%	26,3%	21,4%	15,1%	5,1%	17
Lokið háskóla	4,7%	6,8%	3,6%	1,8%	4,7%	6,6%	22
Lokið iðnnámi	---	---	---	---	---	6,0%	20
Lokið öðru sérnámi	7,0%	4,5%	3,8%	4,3%	0,7%	---	---
Lauk ekki skyldunámi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,3%	1
Óvíst	20,3%	23,2%	17,2%	21,7%	36,5%	49,9%	167
Fjöldi	256	336	338	276	299		335*

Tafla 23 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita kynferðisofbeldi, þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

Tafla 24) Atvinna ofbeldismanna



* Hér vantar upplýsingar um 30 ofbeldismenn og þess vegna er heildarfjöldi þeirra, skipt eftir menntun, einungis 335 en ekki 365.

Tafla 24 sýnir atvinnu ofbeldismannanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óvissuþátturinn stór, en óhætt er að fullyrða að ofbeldismennirnir eru á öllum aldri, hafa mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir koma úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

Tafla 25) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið

	Fjöldi	Hlutfall
Einhleypur	110	32,6%
Giftur	77	22,8%
Í sambúð	36	10,7%
Fráskilin/n	10	3,0%
Ekill/ekkja	6	1,8%
Barn	27	8,0%
Óvíst	71	21%
Alls	337*	100%

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið var framið. Rúmlega 30 % þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

Tafla 26) Börn ofbeldismanna í dag

	Fjöldi	Hlutfall
Já	151	44,9%
Nei	33	9,8%
Ekki vitað	152	45,2%
Alls	336*	100%

Af töflu 26 má sjá að a.m.k. 151 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta eiga börn eða 44.9%. Óvissuþátturinn er þó stór.

* Hér vantar upplýsingar um 28 ofbeldismenn og þess vegna er heildarfjöldi þeirra, skipt eftir menntun, einungis 337, skipt eftir hjúskaparstöðu, en ekki 365, sem er heildarfjöldi ofbeldismanna.

* Hér vantar upplýsingar um 29 ofbeldismenn og þess vegna er heildarfjöldi þeirra, skipt eftir því hvort þeir eiga börn, einungis 336 en ekki 365, sem er heildarfjöldi ofbeldismanna.

